

15.03.23

Skólaráðsfundur

Mættir: Dóra, Matta, Hugrún, Friðrik, Katla og Freydís

Dagskrá:

1. Menntastefna og áherslur í skólastarfi, fundargerð opins fundar skólaráðs

Friðrik fór yfir opinn fund skólaráðs sem var haldinn 9. febrúar. Gunnar Gíslason stjórnaði fundinum, fór yfir menntastefnuna og þá vinnu sem hefur farið fram í teymum. (Traust og samstarf). Hægt að sjá fundargerð frá þeim fundi á vef.

Hugga – kom inn á matslistana hvar erum við að tikka inn hvar ekki. Vantar betri yfirsýn.

Friðrik sýndi tíglaverkefnið sem starfsfólk skóla er að vinna með frá Gunnari Gísla og útskýrði tengslin við nýja menntastefnu.

Umræður:

Freydís – nefnir afskiptaleysi foreldra, mjög mikið. Virkja þarf foreldra.

Matta nefnir að foreldrar nenna ekki að gera neitt með nemendum tekur dæmi hópefli eftir skóla, bekkjarkvöld eða einhverskonar hittingur. Nýlegt dæmi úr 8. bekk þar sem í 30 nemendabekk voru 2 foreldrar til í að gera eitthvað.

Katla nefnir að það hafi verið haldin fyrirlestur fyrir stúlkur á unglingastigi og það hafi verið skildu mæting og það hafi virkað til að fá foreldra í.

Getur skólinn sett að sér það markmið að setja meira af jákvæðum upplýsingum. Ekki 10 pósta um neikvæð atvik nemenda þá verður upplifun foreldra af skólanum nógu góð.

2. Kynning á fjárhagsáætlun

Friðrik fór yfir fjárhagsáætlun Dalvíkurskóla .

Rætt yfir eignir skólans. Blýanta, strokleður ofl. – þarf að endurskoða stefnuna okkar með að skaffa alltaf allt.

3. Kynning á innra mati skólans

Friðrik fór yfir foreldrakönnun – skólapúlsins.

4. Önnur mál

Á næsta fundi verða nemendur, þau eiga að kynna hvers þau vænt af skólanum og hvernig hann er. Námið og líðan.

Næsti fundur 26. apríl.